

Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 21. október 2019 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-83/2018.

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 5. nóvember 2018 bað X, hér eftir álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á þjónustu af fyrirtækinu Y, hér eftir seljandi. Álitsbeiðandi telur reikning fyrir þjónustuna vera of háan og krefst þess að verða ekki gert að greiða reikninginn að fullu.

II

Málsmeðferð kærunefndarinnar

Með bréfi, dags. 8. nóvember 2018, var seljanda gefinn kostur á andsvörum við álitsbeiðninni og var tveggja vikna frestur veittur til að skila þeim. Andsvör seljanda bárust nefndinni að endingu 2. júlí 2019. Þann 5. júlí 2019 voru álitsbeiðanda send andsvörin til upplýsinga og henni bent á heimild til að hafa uppi athugasemdir vegna andvaranna. Álitsbeiðandi nýtti sér þá heimild og skilaði athugasemdum sínum 12. júlí 2019. Frekari athugasemdir bárust nefndinni ekki. Með bréfi, dags. 15. október 2019, var aðilum tilkynnt að kærunefndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Í álitsbeiðni og meðfylgjandi gögnum kemur fram að seljandi var fenginn til að gera við steypuskemmdir á átta fermetra bílskúrsvegg að Z. Áður en verkið hófst segir álitsbeiðandi að seljandi hafi skoðað vegginn og sagt að mosi væri í sprungum, veggurinn væri blautur en múrinn væri að mestu í lagi. Að sögn álitsbeiðanda gaf seljandi þær upplýsingar munnlega að verkið mundi kosta um 100.000 krónur sem álitsbeiðandi hafi samþykkt. Óskað var eftir því að reikningur vegna verksins yrði sendur á dánarbú föður álitsbeiðanda þar sem fasteignin var í hans eigu og átti að taka tillit til reikningsins við skipti á búinu. Í kjölfarið gaf seljandi út reikning, dags. 13. júní 2018, þar sem krafist var greiðslu að fjárhæð 224.790 krónur.

Álitsbeiðandi og eiginmaður hennar höfðu samband við seljanda símleidis þegar reikningurinn barst og gerðu athugasemdir við fjárhæð hans. Var vinna við verkið einnig stöðvuð með símtalinu þar sem álitsbeiðandi taldi að um „algjörlega tilhæfulausan“ reikning væri að ræða. Að sögn álitsbeiðanda sagði seljandi í símtalinu að verðáætlun hans hafi eingöngu verið vegna kostnaðar í filtun og slípun þar sem seljandi geri ekki tilboð í ókannaða hluti. Seljandi var beðinn um að senda álitsbeiðanda nýjan reikning sem álitsbeiðandi gæti sætt sig við og sendi seljandi þá nýjan reikning að fjárhæð 177.405 krónur. Var sá reikningur sendur á álitsbeiðanda en ekki dánarbúið og gjalddagi var 13. júlí 2018.

Álitsbeiðandi telur að seljandi hafi framkvæmt viðgerðir á sprungum veggjarins án samþykkis og án þess að veita álitsbeiðanda upplýsingar um kostnaðinn. Dánarbúið hefur greitt fyrir bollaslípunina alls 31.185 krónur, þann 17. júlí 2018, en álitsbeiðandi telur að það sé sá hluti vinnunnar sem unninn var samkvæmt tilboði seljanda, þ.e. bollaslípun og filtun. Krafa seljanda hefur verið send í innheimtu. Álitsbeiðandi krefst þess fyrir kærunefndinni að

seljandi sætti sig við greiðslu að fjárhæð 31.185 krónur fyrir verkið. Er það að mati álitsbeiðanda sú upphæð sem ásættanleg er fyrir verkið.

IV

Andsvör seljanda

Í andsvörum sínum segir seljandi að álitsbeiðandi hafi óskað eftir þjónustu hans við að múra bílskúrsvegg. Seljandi kveðst hafa sagt álitsbeiðanda að hann gæti ekki gefið fast verð þar sem óvissa væri um umfang verksins. Að sögn seljanda var mosi í sýnilegum sprungum og því ekki ljóst hversu mikilla viðgerða væri þörf á. Við framkvæmd verksins segir seljandi að komið hafi í ljós að veggurinn væri afar illa farinn. Að baki mosans voru djúpar sprungur og veggurinn blautur í gegn.

Þann 28. maí 2018 sendi álitsbeiðandi tölvupóst á seljanda og þakkaði fyrir viðgerðina. Var þá beðið um að reikningurinn yrði sendur á dánarbú föður álitsbeiðanda. Reikningurinn fékkst hins vegar ekki greiddur og því féllst seljandi á að gefa út nýjan reikning að fjárhæð 177.705 krónur. Seljandi bendir á að ekki sé unnt að stofna kröfu á hendur látnum manni í innheimtukerfi bankanna og var krafan því stofnuð á þeim tíma á nafni álitsbeiðanda.

Álitsbeiðandi neitaði hins vegar einnig að greiða þann reikning á þeirri forsendu að ekki hafi verið samið um múrviðgerðir á veggnum heldur einungis bollaslípun. Seljandi segir að það sé rangt enda hafi álitsbeiðandi beðið um viðgerð á veggnum og seljandi hafi gefið henni þær upplýsingar að hann gæti ekki gefið upp fast verð fyrir verkið. Seljandi segir að álitsbeiðandi beri sönnunarbyrðina fyrir því að umkrafið endurgjald sé ósanngjarnt en hún hafi ekki sýnt fram á það. Seljandi leggur fram ljósmyndir í málinu sem sýna fram á umfang múrviðgerðanna. Álitsbeiðandi afþakkaði að seljandi myndi ljúka verkinu og féllst seljandi á það. Seljandi bendir á að álitsbeiðandi hafi greitt 31.185 krónur og komi sú fjárhæð til frádráttar við greiðslu á kröfunni.

V

Athugasemdir álitsbeiðanda við andsvör seljanda

Í athugasemdum sínum við andsvör seljanda bendir álitsbeiðandi á að málið snúist aðeins um að seljanda beri að standa við það verðtilboð sem hann hafi gefið munnlega í verkið. Álitsbeiðandi kveðst hafa þakkað seljanda fyrir viðgerðina af vana og segist ekki hafa áttað sig á því að hann hefði ekki lokið verkinu. Álitsbeiðandi hringdi í kjölfarið í seljanda þar sem hún fékk ekki svar við tölvupóstinum en þá sagði seljandi að hann væri ekki búinn að ljúka verkinu. Seljandi spurði þá hvort álitsbeiðandi treysti honum til að ljúka verkinu þrátt fyrir að hann sendi henni strax reikning fyrir vinnuna. Kveðst álitsbeiðandi hafa sagt að hún treysti honum til þess og bjóst hún við reikningi að fjárhæð 100.000 krónur líkt og samið hafi verið um. Reikningurinn var hins vegar að fjárhæð 224.790 krónur. Álitsbeiðandi tekur fram að beðið var um tilboð í heildarviðgerð á veggnum en ekki eingöngu bollaslípun og fíltun.

VI

Niðurstaða kærunevndarinnar

Kærunevnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nevndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunevnd lausafjár- og þjónustukaupa. Viðskipti aðila falla undir lög nr. 42/2000 um þjónustukaup.

Líkt og að framan greinir óskaði álitsbeiðandi eftir þjónustu seljanda vegna múrviðgerða á bílskúrsvegg við fasteign sem var í eigu föður álitsbeiðanda. Álitsbeiðandi byggir á því að seljandi hafi gefið henni upplýsingar um verð í verkið munnlega sem var að fjárhæð 100.000 krónur. Seljandi hefur hafnað því að hafa gefið tilboð í verkið og segist ekki

gefa tilboð í slík verk þar sem umfang þess verði ekki ljóst fyrr en vinnan er hafin. Áður en verkinu var formlega lokið óskaði álitsbeiðandi eftir reikningi fyrir verkið vegna skipta á dánarbúi föður hennar. Í kjölfarið gaf seljandi út reikning fyrir verkið í heild og ætlaði að ljúka verkinu í kjölfarið. Reikningurinn var að fjárhæð 224.790 krónur. Álitsbeiðandi krafðist lækkunar á kröfunni og sendi seljandi í kjölfarið reikning á nafni álitsbeiðanda að fjárhæð 177.405 krónur. Álitsbeiðandi tilkynnti seljanda að hún teldi kröfu seljanda of háa og að hún óskaði ekki eftir frekari vinnu af hans hálfu. Álitsbeiðandi krefst þess að seljandi lækki greiðslukröfu sína þannig að greiðsla hennar að fjárhæð 31.185 krónur teljist fullnægjandi greiðsla fyrir verkið.

Frestur vegna einkaskipta á dánarbúi föður álitsbeiðanda rann út þann 11. janúar 2019 en með kröfu um einkaskipti á dánarbúinu tók álitsbeiðandi á sig ábyrgð á skuldbindingum þess ásamt öðrum erfingjum. Í málinu liggja ekki fyrir upplýsingar um aðra erfingja. Álitsbeiðandi óskaði eftir því að seljandi tæki að sér að vinna verkið, á kostnað dánarbúsins, og var seinni greiðslukrafa fyrir þjónustuna send á nafn álitsbeiðanda en ekki dánarbúið. Mun nefndin þar af leiðandi leysa úr málinu á þeim grundvelli að álitsbeiðandi sé réttur greiðandi að kröfu seljanda.

Sönnunarbyrðin fyrir því að aðilar hafi samið um 100.000 króna greiðslu fyrir verkið hvílir á álitsbeiðanda. Ekkert liggur fyrir í málinu sem staðfestir að seljandi hafi í raun gefið álitsbeiðanda upp áætlað verð fyrir vinnuna að fjárhæð 100.000 krónur. Getur kærunefndin því ekki byggt niðurstöðu málsins á þeim grundvelli.

Kærunefndin álitur að 28. gr. laga nr. 42/2000 um þjónustukaup (þkpl.) eigi við í málinu, en ákvæðið er svohljóðandi:

28. gr.

Hafi ekki verið samið um verð fyrir keypta þjónustu skal neytandi greiða það verð sem telja má sanngjarnt með hliðsjón af því hve vinnan er mikil og hvers eðlis hún er.

Í ákvæðinu felst að verð fyrir þjónustu er ákveðið með hliðsjón af því hve þjónustan er mikil, hvers eðlis hún er og hversu vel er unnið. Ef samið er um vinnu verks miðað við ákveðinn tímafjölda eða verðið er ákveðið miðað við efniseiningu ræðst verðið af því hversu margir tímar voru í raun unnir eða hversu mikið efni var notað. Við mat á því hvort efnismagn og tímafjöldi séu hæfileg ber að miða við hvað yfirleitt tíðkast þegar sambærileg þjónusta er innt af hendi.

Af þeim myndum sem liggja fyrir í málinu er ljóst að umfangsmikilla viðgerða var þörf á bílskúrsveggnum. Eru sprungur víða í múrnunum og seljandi hefur hreinsað stóran hluta þeirra eða allar auk þess að fylla í sprungur. Sundurliðun upprunalegs reiknings seljanda er með þeim hætti að krafist er greiðslu fyrir vinnu við filtun og bollaslípun alls 8,1 meter eða að fjárhæð 78.570 krónur. Þá er krafist greiðslu að fjárhæð 9.820 krónur fyrir múrviðgerðir og 11.700 krónur fyrir viðgerð á sprungum með slípirokk. Þá er krafist greiðslu að fjárhæð 124.700 krónur fyrir viðgerð á sprungum með kítu. Alls er upphafleg greiðslukrafa seljanda að fjárhæð 224.790 krónur en seljandi hefur lækkað greiðslukröfu sína um 47.385 krónur í 177.405 krónur. Getur kærunefndin ekki fallist á að greiðslukrafa seljanda fyrir verkið hafi verið of há miðað við umfang verksins. Verður því að hafna kröfu álitsbeiðanda.

Kærunefndin bendir á að seljandi lauk ekki við verkið og ekki er ljóst af gögnum málsins hvort seljandi hafi krafist greiðslu fyrir verkið í heild, áður en því var lokið, eða aðeins fyrir þá vinnu sem var lokið. Verður að hafa það í huga við lokauppgjör aðila ásamt þeirri greiðslu sem álitsbeiðandi hefur þegar innt af hendi að fjárhæð 31.185 krónur.

VII
Álitsorð

Kröfu álitsbeiðanda, X, er hafnað.

Áslaug Árnadóttir
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Ívar Halldórsson